

## Fyrsti fundur Leiðtogaáætlun LUF

30. mars 2021, fjarfundur, kl. 17:30

**Mættir eru:** AUS: Guðmundur Sigurður Stefánsson, ELSA Iceland: Kristinn Snær Guðmundsson, JCI: Ríkey Jóna Eiríksdóttir, SÍF: Magnús Gunnar Gíslason, SHÍ: Isabel Alejandra Diaz, SUF: Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, UE: Starri Reynisson, UJ: Ragna Sigurðardóttir, Unghugar: Gísli Dan Einarsson, Ungir Fjárfestar: Arnaldur Þór Guðmundsson, Ungmennaráð Þroskahjálpar: Sunna Dögg Ágústsdóttir, Ungmennaráð UN Women á Íslandi: Sigríður Þóra Þórðardóttir, UU: Þorgerður María Þorbjarnardóttir, UVG: Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir,

**Fulltrúar stjórnar:** Oddviti leiðtogaáætlun: Geir Finnsson (GF), gjaldkeri: Sylvania Martinsdóttir (SM), ritari stjórnar: Viktor Ingi Lorange (VIL) og frá skrifstofu: framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn (TI), lögfræðingur: Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og verkefnastjóri: Rut Einarsdóttir (RE).

*Fundarstjóri: Geir Finnsson, oddviti Leiðtogaáætlun*

*Fundur settur: 17:32*

- Drög að dagskrá fyrsta fundar Leiðtogaáætlun:** GF býður fólk velkomið á fyrsta fund ráðsins á þessu starfsári. GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF. GF gefur færi á athugasemdum við dagskrá og tekur fram að alltaf verður hægt að óska eftir að bæta við hana undir önnur mál, ef tími gefst. Engar athugasemdir bárust og er dagskráin samþykkt.
- Drög að framkvæmdaáætlun stjórnar 2021-2022:** Í fjarveru forseta býður GF Tinnu Isebarn framkvæmdastjóra LUF að mæla fyrir framkvæmdaáætlun stjórnar 2021-2022. TI kynnir framkvæmdaáætlun og núverandi verkefni.
  - GF opnar fyrir spurningar og umræðu. Fulltrúi SUF spyr um skuggaþing. TI útskýrir að vegna alþingiskosninga fer það ekki fram í ár. Engar fleiri spurningar berast. GF ber framkvæmdaáætlun upp til samþykktar. Engin hreyfir við andmælum og telst hún því samþykkt.
- Drög að fjárhagsáætlun starfsársins:** GF býður SM, gjaldkera stjórnar, að mæla fyrir fjárhagsáætlun starfsársins. SM tilkynnir að stjórn er að búast við að um 65% hækkun rekstrartekna frá árinu 2020. Þessar tekjur eru að miklu þegar í hendi á grundvelli samninga og skuldbindinga við ráðuneyti ásamt verkefnastyrkjum úr ýmsum sjóðum sem útlistað er undir tekjuliði áætlunarinnar. Eina sem út af ber og er háð óvissu er framlag frá félagsmálaráðuneytinu. Stjórn væntir áframhaldandi samstarfi og hækkun frá fyrra ári. Óskað verður eftir framlengdum samstarfssamningi við félagsmálaráðuneytið. SM vekur athygli á að framlagið frá forsætisráðuneytinu er eyrnamerkur stuðningur við „United Nations Youth Delegation Programme“ eða Sendinefnd LUF og ráðstöfun því háð því verkefni. Einnig minnst SM þess að LUF

hlaut styrk úr NORA, Norræna Atlantssamstarfinu, fyrir verkefni sem stuðlar að færnisþjálfun og er í raun leið LUF til að betrubæta Leiðtogaskólann, með því að deila reynslu á milli landa. Sá styrkur verður hækkaður að því gefnu að Noregur verði með og í áætlun er gengið út frá því að svo verði. Með áætlun þessari er stjórn að leggja til að tekjum þessum verði ráðstafað í fjóra kostnaðarliði. Um er að ræða áætlun eða viðmið sem gæti breyst og eitthvað getur færst á milli liða. SM vekur ennig athygli á að stutt er liðið af stjórnarári og er t.d. enn unnið að fjármögnun, þá helst fyrir #ÉgKýs lýðræðisverkefninu. Líkt og fyrri ár fer hlutfallslega mestur kostnaður í rekstur skrifstofu, eins og gefur að skilja. Verður þetta í fyrsta skiptið sem félagið gerir ráð fyrir þremur stöðugildum á ársgrundvelli. Sambandsþingið á þessu ári var töluvert dýrara en áður, þar sem það var haldið rafrænt í fyrsta sinn og var ýmiss kostnaður tengdur tæknimálum sem kom til vegna þess. Stjórn gerir einnig ráð fyrir að kostnaður leiðtoga ráðs fundu verði meiri. Hugsunin er að eyrnamerkja fé sem ætlað er að tryggja að fulltrúum stjórnar sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins fái ferðastyrk til að taka þátt í undirbúningi og sækja þá fundi. Verkefnakostnaður miðast síðan að mestu við þær skuldbindingar sem félagið þarf að standa undir í tengslum við verkefnastyrki sem félagið hefur hlotið.

3.1. GF opnar fyrir spurningar og umræðu: Fulltrúi UU spyr út í eyrnamerkta styrki til ungmennafulltrúa. TI skýrir frá hvernig styrkjum er dreift. Fulltrúi SÍF spyr um hlutfall milli opinberra styrkja og verkefnastyrkja. TI útskýrir hlutfall milli 4 samninga, styrki vegna Covid-19, styrki frá innlendum og erlendum sjóðum. SHB minnst á að síðustu ár hefur það verið um það bil 50/50 skipting þar á milli. Engar fleiri spurningar berast. GF ber fjárhagsáætlun upp til samþykktar. Engin hreyfir við andmælum og telst hún því samþykkt.

4. **Skipun fulltrúa ráðsins í [stjórn Leiðtogaskóla Íslands](#):** GF tilkynnir að framboðsfrestur til setu í stjórn Leiðtogaskóla Íslands sé runninn út. Í framboði er Kristjana Björk Barðdal, fulltrúi UAK og er hún sjálfkjörin með lófaklappi.
5. **Skipun fulltrúa ráðsins í [Alþjóðanefnd LUF](#):** GF tilkynnir að framboðsfrestur til setu í Alþjóðanefnd sé runnin út. Fjögur framboð bárust: Guðmundur Sigurður Stefánsson, fulltrúi AUS, Anna Pálsdóttir, fulltrúi JCI, Nadía Lóa Atladóttir, fulltrúi Ungmennaráðs UNICEF og Þorgerður María Þorbjarnardóttir, fulltrúi UU. Eru þau sjálfkjörin með lófaklappi.
6. **Þróunaráætlun LUF:** RE kynnir þróunaráætlun LUF um framtíð ungmennageirans á Íslandi. Áætlunin er byggð á þarfagreiningu og stefnumótunaraðferðum sem hafa borið mestan árangur á alþjóðavísu. Markmiðið er að móta framtíðarsýn LUF sem og ungmennageirans í heild. Til þess verður m.a. skoðanakönnun send út í kjölfar fundar þar sem aðildarfélögin fá tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Í framhaldinu verður unnið úr niðurstöðum og munu drög fara fyrir annan sérstakan stefnumótunarfund. Þá kemur ráðið til með að vinna áfram með drögin sem síðar fara fyrir sambandsþing. Áætlunin er liður í því að koma á fót heildrænni landsstefnu í málefnum ungs fólks á Íslandi og mun hún því verða kynnt fyrir stjórnvöldum.
7. **Önnur mál:** GF gefur fulltrúum færi á bera upp önnur mál á dagskrá.

- 7.1. Fulltrúi UVG ber athygli á ráðstefnu um framtíð hálendisins og álit ungs fólks á hálendismálum. Biður leiðtogaráð að hafa samband við sig og segist vera að leita að sem fjölbreyttustum hópi.
- 7.2. SHB vekur athygli á sjóði sem opinn er fyrir umsóknir. SHB segir frá NUBF, Nordic Youth in Sustainable Communities og hvetur leiðtogaráð til þess að sækja um í samvinnu við félög á Norðurlöndunum.
- 7.3. Fulltrúi Þroskahjálpar spyr út í plön í apríl, varðandi mánuð einhverfunnar. Vekur hún athygli á að þetta sé „appreciation month“. Hún biður leiðtogaráð að deila upplýsingum á samfélagsmiðlum. TI bendir á að nota samfélagsmiðla til þess að deila upplýsingum á milli.
- 7.4. Fulltrúi UVG biður um ráð varðandi styrksumsóknir. TI bendir á að senda á skrifstofu til þess að biðja um ráð.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:18*

*RE ritaði fundargerð*